

## Reykjalundur

### Almenn persónuverndarstefna

#### Efnisyfirlit:

##### 1. Almenn

Gildissvið  
Breytingar  
Að hafa samband vegna persónuverndar

##### 2. Vinnsla persónuupplýsinga

Hvaða persónuupplýsingum er safnað?  
Hver er tilgangur og grundvöllur vinnslu persónuupplýsinga  
Geymsla og eyðing persónuupplýsinga

##### 3. Miðlun og öryggi

Miðlun persónuupplýsinga  
Öryggi persónuupplýsinga

##### 4. Aðrar mikilvægar upplýsingar

Stjórn og aðgangur að persónuupplýsingum  
Vefkökur (e. cookies)

#### 1. Almenn

Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS í Mosfellsbæ (hér eftir „Reykjalundur“) er heilbrigðisstofnun sem starfar meðal annars samkvæmt [lögum um heilbrigðisþjónustu](#).

Á Reykjalundi fer fram alhliða endurhæfing sem miðar að því að bæta lífsgæði, færni og sjálfbjargargetu þeirra sem þangað leita. Vegna starfseminnar er Reykjalundi nauðsynlegt að skrá persónuupplýsingar, þar á meðal um viðskiptamenn og viðkvæmar persónuupplýsingar einstaklinga sem leita til stofnunarinnar í tengslum við endurhæfingu. Reykjalundur annast starfsnám nemenda í heilbrigðisgreinum og veitir háskólamenntuðum heilbrigðisstarfsmönnum sérmenntun. Þá er á stofnuninni unnið umfangsmikið vísindastarf. Á Reykjalundi starfa um 200 einstaklingar. Frekari upplýsingar um starfsemi Reykjalundar má finna [hér](#). [Persónuverndarstefna](#) Reykjalundar var samþykkt og gefin út þann 6. ágúst 2019.

#### Gildissvið

Persónuverndarstefnan tekur til vinnslu persónuupplýsinga sem Reykjalundur ber ábyrgð á sem ábyrgðaraðili. Þar undir falla til dæmis persónuupplýsingar sem eru skráðar í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu; vísindarannsóknir í þekkingaröflunarskyni; vöktun og eftirlit í gegnum myndavélakerfi í húsaáskynnum Reykjalundar; viðskipti í vefverslun Reykjalundar og annan rekstur, eins og samskipti við birgja og aðra viðsemjendur. Reykjalundur hefur sett sér sértæka persónuverndarstefnu sem gildir um vinnslu persónuupplýsinga um starfsmenn og nema. Sértæk fræðsla kann einnig að vera gefin í tengslum við ákveðna hluta þjónustu við sjúklinga.

## Breytingar

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann að taka breytingum, svo sem í samræmi við breytingar á regluverki sem gildir um persónuvernd á hverjum tíma, eða breytingar á því hvernig Reykjalundur vinnur með persónuupplýsingar.

Breytt persónuverndarstefna tekur gildi án fyrirvara við birtingu á heimasíðu Reykjalundar, [hér](#).

## Að hafa samband vegna persónuverndar

Tekið er við öllum fyrirspurnum og erindum sem tengjast vinnslu Reykjalundar með persónuupplýsingar og persónuverndarstefnu þessa í tölvupósti til: [personuvernd@samotk.is](mailto:personuvernd@samotk.is)

## 2. Vinnsla persónuupplýsinga

### Hvaða persónuupplýsingum er safnað ?

Reykjalundur kann að safna persónuupplýsingum um eftirfarandi flokka einstaklinga:

- sjúklinga;
- gesti í húsakynnum Reykjalundar og viðskiptavini í vefverslun; og
- viðskiptamenn eins og verktaka, birgja og/eða tengiliði þeirra.

Tilgangur vinnslu ræður því hvaða persónuupplýsingum Reykjalundur safnar um framangreinda flokka einstaklinga. Dæmi um flokka persónuupplýsinga eru:

- sjúkraskráupplýsingar, þar á meðal nafn, kennitala, símanúmer, netfang, sjúkrasaga og sjúkdómsgreiningar sjúklinga sem sækja heilbrigðisþjónustu til Reykjalundar, þar með talið niðurstöður allra mælinga og mats, viðtala og prófa sem gerð eru vegna endurhæfingar;
- upplýsingar vegna vísindarannsókna sem gerðar eru samkvæmt leyfi frá [Vísindasiðanefnd](#), eins og kveðið er á um í lögum um [vísindarannsóknir](#) á heilbrigðisviði og í [lögum um persónuvernd](#). Með umsókn til Vísindasiðanefndar, ábyrgist rannsakandi geymslu gagna og eyðingu. Framangreindar upplýsingar geta verið til dæmis lýðfræðilegar breytur, sjúkdómsgreiningar, niðurstöður úr spurningalistum, viðtölum og prófum í tengslum við klínískar rannsóknir. Allar tölulegar upplýsingar um sjúkling sem aflað er aukalega vegna vísindarannsókna, geymast í gagnagrunni rannsóknar sem ábyrgðarmaður rannsóknar er ábyrgur fyrir, en verða jafnframt hluti af sjúkraskrá viðkomandi sjúklings;
- hljóðupptökur vegna viðtala sem aflað er vegna eigindlegra rannsókna, eru geymdar í gagnagrunni rannsóknar, sem enginn hefur aðgang að nema ábyrgur rannsakandi, samkvæmt leyfi Vísindasiðanefndar;
- upplýsingar og rannsóknir á heilbrigðum viðmiðunarhópi rannsókna eru vistaðar í gagnagrunni rannsóknar, sem varðveittur er á ábyrgð rannsakanda, samkvæmt leyfi Vísindasiðanefndar;
- öryggis- og eftirlitsupplýsingar, eins og upptökur úr eftirlitsmyndavélum af gestum í húsakynnum Reykjalundar;
- greiðslu- og samskiptaupplýsingar um viðskiptavini netverslunar Reykjalundar;
- viðskiptamannaupplýsingar, til dæmis nafn, kennitala, viðskiptasaga og fjármálaupplýsingar birgja eða verktaka þegar þeir eru einstaklingar. Þegar viðskiptamenn eru lögaðilar skráir Reykjalundur nafn, símanúmer og tölvupóstfang tengiliðar.

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eins og heilbrigðisupplýsingar tryggir Reykjalundur öryggi upplýsinganna eins og lög gera ráð fyrir, meðal annars með verklagsreglum og tæknilegum öryggisráðstöfunum, sem taka mið af áhættu af vinnslu og eðli upplýsinganna sem um ræðir.

Starfsmenn vinna til dæmis í samræmi við lög um [sjúkraskrá](#) og hafa aðeins aðgang að upplýsingum í sjúkraskrá í samræmi við reglur Reykjalundar um aðgangsheimildir starfsmanna. Þá hefur Reykjalundur

einnig sett sér reglur um eftirlit með handhöfum aðgangsheimilda að heilsufarsupplýsingum í rafrænum sjúkraskrákerfum Reykjalundar.

Við verkefni í þróun, t.d. varðandi nýja ferla og þjónustu, er hugmyndafræði persónuverndar höfð að leiðarljósi frá upphafi hönnunar, innbyggð og sjálfgefin í ferlinu.

### **Hver er tilgangur og grundvöllur vinnslu persónuupplýsinga ?**

Reykjalundur leggur mikið upp úr því að vinnsla persónuupplýsinga sé af hófsemi og eingöngu í samræmi við tilgang vinnslu, sem skal vera skýr og málefnalegur. Þannig skulu skráðar upplýsingar vera viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

Stofnunin vinnur einkum persónuupplýsingar um sjúklinga á grundvelli lagaskyldu, til að bjóða upp á og veita heilbrigðisþjónustu. Sem dæmi um lög sem stofnunin fylgir eru [lög um heilbrigðisþjónustu](#), [lög um sjúkraskrár](#), [lyfjalög](#), [lög um réttindi sjúklinga](#), [lög um sjúklingatryggingu](#), [lög um heilbrigðisstarfsmenn](#). Heilbrigðisupplýsingar eru fyrst og fremst notaðar þannig að unnt sé að veita sjúklingum viðeigandi heilbrigðisþjónustu og til þess að annast stjórnsýslu í kringum veitingu þjónustunnar.

Þá vinnur Reykjalundur persónuupplýsingar á grundvelli samningssambands sem fyrirtækið er í eða til að koma slíku samningssambandi á. Tilgangurinn er þá yfirleitt að veita einstaklingum aðgang að vörum sem seldar eru í gegnum vefverslun, eða til að kaupa þjónustu eða vörur af birgjum eða verktökum.

Fyrir kemur að Reykjalundur vinnur persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis, til dæmis í tengslum við viðburðarhald, miðlun markaðsefnis. Reykjalundur leggur þá áherslu á að form samþykkis uppfylli kröfur persónuverndarlaga.

Reykjalundur vinnur upplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna í tengslum við vöktun í gegnum rafrænt myndavélakerfi. Markmiðið er þá að gæta hagsmuna og öryggis stofnunarinnar, sjúklinga, viðskiptamanna, gesta og starfsmanna. Reykjalundur gætir þá að réttindum og frelsi einstaklinga.

### **Geymsla og eyðing persónuupplýsinga**

Reykjalundur er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga um [opinber skjalasöfn nr. 77/2014](#). Stofnuninni er þannig óheimilt að farga nokkru skjali eða ónýta, sem geymir persónuupplýsingar og fellur undir gildissvið laganna, nema að fengnu leyfi þjóðskjalavarðar skv. þeim lögum. Um varðveislu sjúkraskrárgagna fer samkvæmt lögum um [sjúkraskrár](#). Þá fylgir Reykjalundur lögum um [bókhald](#), vegna varðveislu bókhaldsgagna.

## **3. Miðlun og öryggi**

### **Miðlun persónuupplýsinga**

Sjúkraskrárupplýsingum er aldrei miðlað nema slíkt byggist á lagasetningu, til dæmis er stofnunin skuldbundin til að miðla ákveðnum upplýsingum til sóttvarnarlæknis skv. [sóttvarnalögum](#), reglugerð um [skýrslugerð vegna sóttvarna](#), eða til Sjúkratrygginga Íslands. Þá er aðgangur veittur í þágu vísindarannsóknna, eftir að leyfis Vísindasiðanefndar hefur verið aflað, í samræmi við lög nr. 44/2014 um [vísindarannsóknir á heilbrigðissviði](#). Að öðru leyti er vísað í IV kafla laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, laga um sjúkraskrár og [reglugerðar nr. 550/2015 um sjúkraskrár](#) varðandi miðlun persónuupplýsinga.

Reykjalundur kann að miðla upplýsingum, t.d. til lögmanna sjúklinga, en slíkt er aldrei gert nema samkvæmt skriflegu umboði sjúklinga.

Þá kann Reykjalundur að miðla persónuupplýsingum einnig á grundvelli samnings, sé það nauðsynlegt, til dæmis til að kaupa þjónustu frá þriðja aðila, sem er þá vinnsluaðili stofnunarinnar. Það er eingöngu gert ef það er í samræmi við tilgang vinnslunnar sem um ræðir.

Vinnsluaðilar Reykjalundar eru gjarnan þjónustuveitendur eða verktakar og er þeim eingöngu veittur aðgangur að þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegt er til þess að ljúka verkefni eða til að veita eða afhenda umsamda þjónustu, ráðgjöf eða vöru. Reykjalundur kaupir þjónustu frá upplýsingatæknifyrirtækinu Advania vegna hýsingu tölvupóstkerfis og frá Öryggismiðstöðinni vegna þjónustu í kringum rafrænt myndavélakerfi í og við húsakynni Reykjalundar.

Áður en gengið er til samninga við vinnsluaðila fullvissar Reykjalundur sig um að umræddir aðilar séu ábyrgir og þjóði upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndar, sérstaklega með tilliti til öryggis. Tilmæli Reykjalundar til vinnsluaðila eru þá talin upp í vinnslusamningi. Þannig getur vinnsluaðili aðeins unnið með gögn samkvæmt fyrirmælum Reykjalundar.

Að öðru leiti er persónuupplýsingum ekki miðlað til þriðja aðila nema að fengnu samþykki skráðra einstaklinga, eða ef slík miðlun er í samræmi við ákvæði samninga, laga eða vegna dómsúrskurðar.

Þau sem þiggja endurhæfingarmeðferð á Reykjalundi dveljast á Reykjalundi á sína ábyrgð. Reykjalundur ætlast til að allir sem koma á Reykjalund vegna endurhæfingar eða starfs síns, virði mannhelgi og trúnað, taki ekki myndir og skrifi hvorki viðkvæmar persónuupplýsingar um sjálfa sig né aðra, inn á vefsíðu Reykjalundar eða Facebook síðu Reykjalundar (t.d. upplýsingar um fjármál, félagslega stöðu eða heilsufar almennt). Þeim vilja Reykjalundar er komið á framfæri með því að hafa persónuverndarstefnuna aðgengilega á vefsíðu Reykjalundar. Einnig með myndum í almannarými, þar sem gert er ljóst að myndatökur eru ekki heimilar.

### **Öryggi persónuupplýsinga**

Viðeigandi öryggisráðstafanir eru gerðar til að tryggja öryggi allra upplýsinga og þá sérstaklega viðkvæmra persónuupplýsinga í starfsemi Reykjalundar.

Öryggisráðstafanir eru reglulega teknar út og stöðugt er unnið að umbótum. Þá eru persónuupplýsingar uppfærðar reglulega.

Stofnunin hefur sett sér upplýsingaöryggisstefnu og er með áhættustýringu vegna upplýsingaöryggis. Upplýsingaöryggisstefnan tekur til umgengni og vistunar allra gagna og upplýsinga í vörslu Reykjalundar, þar á meðal persónuupplýsinga. Aðgangsoöryggiskerfi er að húsnæði Reykjalundar og að upplýsingakerfum, og markvisst er unnið að því að vernda gögn og búnað gegn öryggisbrestum.

Starfsmenn Reykjalundar eru bundnir trúnaði um allar persónuupplýsingar sem þeir komast í snertingu við vegna vinnu sinnar. Rík áhersla er lögð á að starfsmenn haldi ávallt trúnað gagnvart persónu- og heilbrigðisupplýsingum og eru starfsmenn þjálfaðir í því að meðhöndla persónuupplýsingar í samræmi við kröfur persónuverndar. Starfsmenn skrifa undir þagnarskyldu um leið og ráðning er staðfest og þá staðfesta starfsmenn einnig með undirskrift sinni að hafa kynnt sér persónuverndarstefnu Reykjalundar. Brot á trúnaðarskyldu er tekið mjög alvarlega innan stofnunarinnar.

Nemendur í verknámi á Reykjalundi skulu skrá sjúkraupplýsingar í sjúkraskrá skv. þeim reglum sem gilda á Reykjalundi. Þó mega þeir skrifa skýrslu á Word-skjali og vista á öðru af eftirfarandi drifum sem tengjast aðgengi þeirra að tölvukerfi Reykjalundar: 1) heimadrifi eða 2) sameiginlegu drifi faghóps til að verknámskennari hafi einnig aðgang að skránni. Slíkt skjal má þó hvorki innihalda nafn né kennitölu skjólstæðings. Þegar skýrslan er fullgerð á nemandinn strax að vista hana í Sögu sem

viðhengi hjá viðkomandi skjólstaðingi og eyða síðan af drifinu. Þrátt fyrir að skýrslan sé unnin utan Sögukerfisins þarf nemandinn þó að setja í eftirfarandi kafla í Söguna:

- Niðurstöður skoðunar (kafla „Niðurstaða álit“ í eyðublaðinu „Ítarleg nóta“)
- Setja viðeigandi meðferðarkóða ((kafla „Meðferð“ í eyðublaðinu „Ítarleg nóta“)
- Setja markmið og áætlun (kafla „Áætlun“ í eyðublaðinu „Ítarleg nóta“)
- Reglulegar dagnótur (a.m.k. 1 x í viku) (eyðublað: „dagnóta“)
- Útskriftarnótu (Eyðublað „or-útskriftarnóta eða útskriftarskýrsla“)

Ekki má senda skýrslur í tölvupósti, jafnvel þótt þær séu ekki með nafn eða kennitölu. Ef utanaðkomandi prófari (t.d. kennari frá háskólanum) þarf að fá aðgang að skýrslunni þarf nemandinn að koma skýrslunni til hans með beinum hætti.

## 4. Aðrar mikilvægar upplýsingar

### Stjórn og aðgangur að persónuupplýsingum

Einstaklingar sem óska eftir upplýsingum um vinnslu Reykjalundar með persónuupplýsingar eða vilja nýta lögbundin réttindi tengd þeim geta sent fyrirspurn í tölvupósti hér: [personuvernd@samtokis](mailto:personuvernd@samtokis).

Skráðir einstaklingar kunna í ákveðnum tilfellum að eiga meðal annars rétt á að:

- fá upplýsingar um **hvort og þá hvaða persónuupplýsingar eru unnar** á Reykjalundi og á grundvelli sérstakrar beiðni að fá **afrit** af þeim á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu formi. Um aðgang sjúklunga að sjúkraskrá gilda [lög um sjúkraskrár](#);
- óska eftir því að persónuupplýsingar sem skráðar eru hjá Reykjalundi séu **leiðréttar**, enda séu þær ófullkomnar eða ónákvæmar. Reykjalundur leggur mikið upp úr því að persónuupplýsingar séu réttar og áreiðanlegar;
- **andmæla** vinnslu persónuupplýsinga og/eða óska eftir því að vinnsla sé **takmörkuð**. Til dæmis ef vinnsla byggir á lögmætum hagsmunum Reykjalundar eða þriðja aðila og einstaklingur telur hagsmuni sína ganga framar, og/eða ef einstaklingur dregur samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga til baka;
- leggja fram **kvörtun til Persónuverndar** um vinnslu Reykjalundar. Nánari upplýsingar um það ferli má finna á heimasíðu Persónuverndar: <https://www.personuvernd.is/>.

Reykjalundur vekur athygli á því að framangreind réttindi skráðra einstaklinga kunna að vera háð takmörkunum, sem leiða meðal annars af lögum og/eða hagsmunum Reykjalundar eða þriðju aðila. Er það háð mati í hvert skipti en Reykjalundur hefur ávallt að leiðarljósi að upplýsingar séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.

Reykjalundur mun ávalt óska eftir formlegri staðfestingu á auðkenni einstaklinga sem óska eftir því að virkja réttindi sín vegna vinnslu persónuupplýsinga, svo sem með rafrænum skilríkum eða afriti af persónuskilríkjum eins og ökuskírteini eða vegabréfi. Það er gert til þess að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar berist í hendur óviðkomandi aðila.

Leitast er við að svara fyrirspurnum sem berast til persónuverndarfulltrúa eins fljótt og auðið er og aldrei seinna en innan 30 daga. Ef beiðni vegna fyrirspurnar er umfangsmikil getur þó verið að afgreiðslutíminn sé lengri og mun Reykjalundur þá upplýsa um það.

Afgreiðsla erinda er almennt gjaldfrjál. Reykjalundur áskilur sér rétt til að hafna erindi, sé erindið óhóflegt eða tilefnislaust, allt eftir mati stofnunarinnar í hverju tilviki.

### **Vefkökur (e. cookies)**

Vefkökur eru textaskrár sem vistaðar eru á því tæki sem notað er til að heimsækja vefsíðu Reykjalundar.

Til eru mismunandi tegundir af vefkökum. Reykjalundur notar eingöngu vefkökur sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja virkni vefsíðu stofnunarinnar og er engum persónugreinanlegum upplýsingum safnað.

Reykjalundur notar Google Analytics aðeins til vefmælinga. Við hverja komu inn á vefsíðu stofnunarinnar skráir Reykjalundur ákveðin atriði, til dæmis tíma og dagsetningu komu, leitarorð, frá hvaða vef er komið, gerð vafra og stýrikerfis. Er það gert til þess að þróa vef Reykjalundar áfram. Engum frekari upplýsingum er safnað og ekki er gerð tilraun til að persónugreina slíkar upplýsingar.